

Stofnfiskur hf.
Staðarberg 2-4
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 2. mars 2020
UST202002-120/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 30.12. 2019, hjá Stofnfiski hf. Vogavík.

Þann 30. desember sl. var gerð umsýslueftirlit í Stofnfisk hf., Vogavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllt

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Halla Einarsson
Halla Einarisdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Dags eftirlits	30.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Stofnfiskur hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Vogavík	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Hreiðar Hreiðarsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er umsýsluskýrsla eftirlits þar sem ekki var farið í vettvangsheimsókn árið 2019 en úrbótaáætlun vegna frávik frá árinu 2018 var fylgt eftir og innsend gögn vegna ársyfirlits yfirfarin. Engar ábendingar voru settar fram og engin ný frávik komu fram á árinu.

UMFANG EFTIRLITS

Ekki var farið í vettvangsheimsókn árið 2019 en úrbótaáætlun vegna frávik frá árinu 2018 var fylgt eftir. Þar komu fram frávik er varða framleiðslumagn og að búnaður til að fyrirbyggja mengun sé ekki samkvæmt bestu aðgengilegu tækni líkt og kveðið er á um í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.

Farið var yfir ársyfirlit frá árinu 2018, sem og niðurstöður mælinga og losunar sem barst stofnuninni þann 6. maí sl.

Óskaði rekstraraðili eftir því að unnið yrði samtímis að matsskýrslu og starfsleyfi vegna framkvæmda við eldisstöð fyrirtækisins í Vogavík og var það samþykkt með bréfi frá Skipulagsstofnun þann 4. júlí sl. Unnið er að nýju starfsleyfi fyrir rekstraraðila en umsókn þess efnis barst stofnuninni þann 26. nóvember sl.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram fyrir árið 2019.


ANNAD

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila um starfsemi rekstraraðila á árinu og engin óhöpp hafa verið tilkynnt.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.03.2020



Guðbjörg Stella Árnadóttir